

Nd.

14. Frumvarp til laga

[13. mál]

um breyting á lögum nr. 67/1966, um vélstjóranám.

(Lagt fyrir Alþingi á 103. löggjafarþingi 1980.)

1. gr.

Aftan við 3. gr. komi ný málsgrein er orðist svo:

Sá sem lokið hefur fyllsta námi frá Vélskóla Íslands á hverjum tíma og hefur auk þess lokið sveinsprófi í vélvirkjun eða annarri málmiðnaðargrein sbr. 14. gr. þessara laga á rétt á starfsheitinu vélfræðingur.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

A t h u g a s e m d i r v i ð l a g a f r u m v a r p þ e t t a .

Samhljóða frumvarp var lagt fyrir 102. löggjafarþing, en varð eigi útrætt. Fylgdu því svofelldar athugasemdir:

„Frumvarp þetta er lagt fram að ósk Vélstjórafélags Íslands. Starfsheitið vélstjóri tekur nú til manna sem hafa mjög mismunandi menntun. Full þörf þykir á aðgreiningu vélstjóra sem lokið hafa sveinsprófi í iðngrein auk fyllsta náms við Vélskóla Íslands og annarra vélstjóra. Lagt er til að hinir fyrrnefndu taki upp starfsheitið vélfræðingur.“